# Erindisbréf

## starfshóps um samþættingu skólastarfs og íþrótta- og tómstundastarfs

Á 330. fundi fræðsluráðs Reykjanesbæjar var sviðsstjóra fræðslusviðs falið að útbúa drög að erindisbréfi fyrir starfshóp um samþættingu skólastarfs og íþrótta- og tómstundastarfs (2020010077)

Í stefnumótun Reykjanesbæjar 2020-2030 er kveðið skýrt á um að börnin séu mikilvægust. Að þau séu studd til að blómstra í fjölskyldunni sinni, skólum, íþróttum og tómstundum.

Þriðja markmið til og með 2021 er samþætting skólastarfs barna í 1.-4. bekk við íþróttir og tómstundir til að auðvelda börnum og foreldrum lífið. Börnin ljúki almennt skóla-, íþrótta- og tómstundastarfi fyrir kl. 17:00 á daginn.

**Verkefni starfshóps:**

Gera stöðumat á starfsemi frístundaheimila í Reykjanesbæ og hvernig samþætting frístundaheimila sé við íþrótta- og tómstundastarf.

Benda á mögulegar leiðir til að samþætting verði betri og stuðli að aukinni þátttöku barna í frístundaheimilum og íþróttum og tómstundum.

Gera kostnaðaráætlun – hver sé væntanlegur kostnaður vegna aukinnar þjónustu í frístundaheimilum.

**Starfshópinn skipa:**

Anna Hulda Einarsdóttir sérkennsluráðgjafi
Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi
Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir sérkennsluráðgjafi og verkefnastjóri ÍSAT
Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi

Starfshópurinn skal upplýsa formenn íþrótta- og tómstundaráðs og fræðsluráðs eftir þörfum.

**Til ráðgjafar eru:** forsvarsmenn íþróttahreyfingarinnar, forstöðumenn frístundaheimila, skólastjórnendur, FFGÍR og aðrir þeir sem að hópurinn telur mikilvægt að ráðfæra sig við.

**Starfstímabil og vinnulag:**

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn taki nú þegar til starfa og skili skýrslu fyrir 20. maí 2020.

Reykjanesbær 3. mars 2020

Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðslusviðs

Hafþór B. Birgisson, íþrótta- og tómstundafulltrúi